



# Ársskýrsla 2009-2010

## Stjórnandi og stjórn

Nýr stjórnandi kom til starfa, Hjálmar Sigurbjörnsson. Hann leysir Martin Markvoll af á meðan hann er í starfsleyfi.

Í stjórn foreldrafélags voru: Elín G. Pálsdóttir formaður, Guðný Pálsdóttir ritari og María Valdimarsdóttir gjaldkeri.

## Litla Lúðró

LL tók ekki til starfa fyrr en í nóvember vegna þess hvað þau voru fá, en í henni voru þau

Trompet	Hjördís Jónsdóttir
Kornett	Haukur Páll Kristinsson
Es Horn	Valdimar Ólafsson
Trommur	Jón Grétar Benjamínsson og Jón Páll Gunnarsson

### **Breytingar á félagatali:**

Haukur Páll, Jón Grétar og Jón Páll fara yfir í stóru Lúðró í mars 2010. Hjördís byrjar litlu Lúðró í nóvember.

Í febrúar byrjuðu þrjár nýjar þverflautur:

Eydís Bára Ómarsdóttir, Guðrún Elena Magnúsdóttir og Theodóra Björk Ægisdóttir, svo og tveir trommarar:

Sveinn Ágúst Óskarsson og Tómas Helgi Baldursson.

Litla Lúðró tók þátt í hausttónleikum Lúðrasveitar Stykkishólms og jólatónleikum tónlistarskólans. Á vorönn var spilað á skólaslitum.

Sex krakkar úr Litlu Lúðró fóru á landsmót SÍSL (AB-sveita) sem haldið var í Vestmannaeyjum 7.-9. maí. Stjórnandinn, Hjálmar Sigurbjörnsson fylgdi hópnum, svo og öflug sveit foreldra. Þar voru þau Elísabet Valdimarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Ægir B. Jóhannsson og Eva Guðbrandsdóttir. Þetta landsmót hafði verið fyrirhugað 9.-11.september, en var þá frestað vegna veðurs.

Hér fyrir neðan er bréf sem foreldrum var sent í aðdraganda mótsins.

## ***Landsmót SÍSL - í Vestmannaeyjum 7.-9. maí***

*Nú er komin tilkynning frá stjórn SÍSL um landsmótið sem verður í vor í Vestmannaeyjum í stað þess sem var frestað í haust vegna veðurs.*

*Þetta landsmót er einkum ætlað byrjendum og yngri hljóðfæraleikurum, svokölluðum A og B sveitum. Við mælum með því að þeir nemendur sem ekki fara til Svíþjóðar í sumar fái að fara á þetta landsmót, enda er það mikil lyftistöng í tónlistarnáminu að hitta aðra tónlistarnemendur sem eru á svipuðu stigi og eiga með þeim góða og glaða stund.*

*Núna eru það 7 krakkar sem við teljum eiga erindi á þetta landsmót og biðjum við ykkur, foreldrana, að íhuga hvort ykkar börn hafi tök á að fara með. Athugið að þátttaka okkar er ekki bundin því að allir komist.*

- Valdimar – althorn
- Hjördís – trompet
- Eydís Bára – þverflauta
- Theodóra Björk – þverflauta
- Guðrún Elena – þverflauta
- Sveinn Ágúst – trommur
- Tómas Helgi - trommur

### *Kostnaður og skráning þátttöku*

*Það er ljóst að þetta mun kosta peninga. Hver og einn þarf að borga hluta af kostnaðinum sjálfur, foreldrafélagið getur farið í fjáröflun til að ná að greiða niður hluta og skólinn mun leggja fram peninga til að greiða a.m.k. kostnað vegna stjórnandans.*

*Þáttökugjald er kr. 12.000 fyrir hvern einstakling (nemendur, stjórnendur, fararstjórar).  
Innifalið: Ferðir með Herjólfí, gisting, matur allan tímann, ball með diskói, skemmtiatriði við setningu og á balli, afþreying fyrir börnin (sund og fl.), bolir o.fl.*

*Skráningu þarf að vera lokið fyrir 24. mars og þá þarf að greiða landsmótsnefndinni kr. 6.000 í staðfestingargjald (óafturkræft). Við biðjum ykkur að láta okkur vita sem allra fyrst hvort ykkar börn fari með, ekki seinna en 23. mars!*

### *Undirbúningur, fjáröflun*

- Þáttökulisti..... Tilkynna þátttöku til okkar sem allra fyrst
- Ferð til Þorlákshafnar ..... Foreldrafélagið skipuleggur
- Fararstjórn ..... Hverjir bjóða sig fram?
- Fjáröflun ..... Kökubasar o.fl. (gott að fá hugmyndir)
- Skipting kostnaðar (skóli, ferðasjóður, nemendur)
- Annað...

*Foreldrafélagið mun vera tengiliður við undirbúning ferðarinnar og kallar á fólk til aðstoðar eftir atvikum. Vinsamlegast komið nú með allar góðar ábendingar til stjórnar (Elín Páls, Guðný Páls, María Vald.) eða undirritaðra.*

## Stóra Lúðró

### **Pverflautur**

Aníta Rún Sæþórsdóttir  
Sigrún Eir Þorgrímsdóttir  
Björg Brimrún Sigurðardóttir  
Silja Kartín Daviðsdóttir

### **Altflauta**

Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir

### **Klarinett**

Guðrún Edda Reynisdóttir  
Hafsteinn Sigurðsson, kennari  
Símon Karl Sigurðarson,  
fyrirliði  
Sóley Riedel  
Anna Soffía Lárusdóttir  
Guðrún Bergmann Agnarsdóttir  
Hermann Örn Sigurðarson  
Mikael Máni Jónsson  
Thelma Ólafsdóttir

### **Altosax**

Ingibjörg Soffía Oddsdóttir

### **Kornett**

Anna Lind Særúnardóttir  
Bryndís Inga Þorsteinsdóttir  
Rebekka Rán Karlsdóttir

### **Piano**

Hildur Björg Kjartansdóttir

### **Trompet**

Guðrún Erla Ólafsdóttir,  
fyrirliði  
Hafsteinn Helgi Daviðsson  
Halldóra Kristín Lárusdóttir  
Leifur Harðarson

### **Fanskt Horn**

Elín Sóley Reynisdóttir  
Margrét Hólmgeirsdóttir,  
fyrirliði

### **Básúnur**

Hrefna Rós Lárusdóttir  
Jósep Ó. Blöndal  
Sunna Þórey Jónsdóttir

### **Baritón**

Bryndís Inga Þorsteinsdóttir

### **Túba**

Anna Sigríður Melsteð

### **Gítar**

Andrea Kristín Pálsdóttir

### **Rafbassi**

Benedikt Óskarsson

### **Slagverk**

Eyþór Óskarss  
Kristófer Sævarsson  
Nökkvi Freyr Smáráson  
Baldur Orri Rafnsson, kennari

### **Breytingar á félagatali**

Hildur, Nökkvi og Kristófer hætta öll um áramót. Sunna hættir um haustið 2009 en kemur aftur í Janúar 2010 og nýr piano nemandi, Friðrik Örn, tekur þá við af Hildi.

Haukur Páll, Jón Grétar og Jón Páll ganga til liðs við Stóru Lúðró í mars 2010 vegna utanlandsferðar sveitarinnar til Svíþjóðar.

## Víkingasveit

### **Pverflautur**

Aníta Rún Sæþórsdóttir  
Sigrún Eir Þorgrímsdóttir

### **Klarinett**

Símon Karl Sigurðarsson  
Sóley Ridel

### **Altosax**

Ingibjörg Soffía Oddsdóttir

### **Trompet**

Leifur Harðarson  
Guðrún Erla Ólafsdóttir  
Anna Lind Særúnardóttir

### **Fanskt Horn**

Elín Sóley Reynisdóttir  
Margrét Hólmgeirsdóttir

### **Básúna**

Hrefna Rós Lárusdóttir

### **Rafbassi**

Benedikt Óskarsson

### **Slagverk**

Eyþór Óskarsson

## Yfirlit yfir helstu verkefni

- 22.-23. ágúst** Danskir Dagar  
Lúðrasveitin æfði og spilaði í Skrúðgöngu á Dönskum dögum.
- 10. september** Fyrsta æfing Stóru lúðró.  
Æfingum litlu lúðró frestað um óákveðin tíma.
- 16. september** Fyrsta æfing Víkingarsveitar
- 17. október** Víkingasveitin spilar á Árshátíð Olís
- 30.-31. október** Æfingarbúðir fyrir Hausttónleika 19 nóvember.  
Föstudagur-laugadagur voru bæði radd- og samæfingar.

Mikið var um læti og truflun á þessari æfingahelgi sem varð meðal annars til þess ákveðið var að taka upp raddæfingar og skipta hópnunum upp í smærri grúppur á næstu æfingum.

**5. nóvember** Foreldrafundur kl. 19 (eftir næstu æfingu).

### Helstu fundarefni:

- 1. UTANLANDSFERÐ:** Á fundinum var ákveðið að athuga sem fyrst hverjir geta farið eða hafa áhuga og hversu stór sveit og hvort það sé einhver lánmarks fjöldi sem þarf til að geta farið út, og farið í það að panta flugmiða sem fyrst til að ná sem bestum afslætti. Kosin var ferðanefnd: Helga Sveinsdóttir, Sigurborg Sturludóttir og Gerður H. Sigurðardóttir.
- 2. FJARÖFLUN:** Foreldrafélag hefur haldið fjáröflun af sama krafti og áður.
- 3. VERKEFNIN FRAMUNDAN:** Komandi hausttónleikar, jólatónleikar, Landsmót SÍSL í febrúar og að undirbúa prógram fyrir utanlands ferð og vortónleika ásamt hefðbundnum verkefnum sjómanna dags og 17. júní.
- 4. AGAMÁL:** Rætt var á fundinum það agaleysi sem er búið að vera á æfingum í vetur og foreldrar óskuðu eftir meiri samskipti milli stjórnanda og foreldra. Einnig var ákveðið að halda áfram með raddæfingar til tilbreytingar, því þannig er betra að vinna af meiri nákvæmni en áður.

## Hausttónleikar Lúðrasveitar Stykkishólms

í Stykkishólmskirkju - fimmtudaginn 19. nóvember 2009 kl. 18:00 –  
Stjórnandi Hjálmar Sigurbjörnsson

### **Víkingasveitin:**

- 1. Fjögur íslensk Bítlalög** úts. Össur Geirsson  
- Vor í Vaglakógi (Jónas Jónasson) – Ég er frjáls (Pétur Bjarnason) –  
Leyndarmál (Þórir Baldursson) – Gvendur á Eyrinni (Rúnar Gunnarsson)

### **Litla Lúðró:**

- 2. Blokklingarnir** Michael Jón Clarke – úts. Ingi Garðar Erlendsson
- 3. Kitchen Koncerto (Eldhúskonsert) Op 3 ½ teskeið** Chef Lloyd Conley
- 4. Love Me Tender** Elvis Presley og Vera Matson - úts. John Edmondson

### **Stóra Lúðró:**

- 5. Y.M.C.A** ..... Jacques Moral, Henri Belolo og Victor Willi – úts. Larry Norre
- 6. The Mask of Zorro (Gríma Zorros)**..... James Horner – úts. John Moss
- 7. The Winner Takes it All** Benny Andersson / Björn Ulvaeus – úts. John Edmondson
- 8. The Lord of the Rings (Hringadrottins saga)** ..... Howard Shore – úts. Ralph Ford

9. The Simpsons ..... Danny Elfman – úts. Paul Lavender  
 10. Bad ..... Michael Jackson – úts. John Higgins  
 11. A Night on Bald Mountain  
 (Nótt á Nornagnýpu) ..... M. Moussorgsky – úts. John Higgins

**26. nóvember** Stóra Lúðró byrjar að æfa jólalög  
**5. desember** Spilað við jólatré (málmblásarar í stóru lúðró auk slagverks spiluðu nokkur lög úr *13 jólalög*)

**17. desember** Jólatónleikar Tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju kl 18:00  
 Litla lúðró spilaði með stóru lúðró... Þá nýfæddur Jesús  
 Nú loga þúsund ljólaljós.  
 Stóra lúðró spilaði..... Snjó Korn falla,  
 Jólin eru að koma og White Christmas

**14. janúar** Lúðrasveitaræfingar byrja æfingar á nýja árinu, 2010.

**12.-14. febrúar** Ákveðið að fara ekki á landsmót SÍSL (CD-sveita) sem haldið var í Mosfellsbæ, vegna þess að verið er að spara vegna utanlandsferðar til Svíþjóðar. En þar sem skortur var á hornleikurum fóru Elín Sóley og Margrét eftir að kallað var eftir liðsauka.

**19.-20. mars** Æfingarbúðum Lúðrasveitar Stykkishólms frestað um óákveðin tíma vegna ferðar 10. bekkjar til Danmerkur. Það þykir ekki koma að sök, þar sem æfingatími lengist vegna utanlandsferðarinnar.  
 Einnig ákveðið að vera EKKI með vortónleika á afmælisdegi lúðrasveitarinnar (sumardaginn fyrsta) í þetta sinn, heldur tengja þá undirbúningi Svíþjóðar-ferðarinnar og halda þá 10. júní.

**13. maí Skólaslit kl. 14:00**

Litla lúðró og Stóra Lúðró spiluðu saman... Sá ég spóa – og Viltu með mér vaka í nótt  
 Stóra Lúðró ..... Rock Around the Clock og Raiders Marsch  
 Víkingasveitin ..... Stuðmannasyrpa

**Úrdráttur úr dagatali vorsins 2010:**

6. júní SJÓMANNADAGUR (spilamennska féll niður)  
 10. júní TÓNLEIKAR kl. 20:00  
 17. júní ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGURINN 17. júní ☺  
 22. júní SÍÐASTA ÆFING FYRIR FERÐ (þriðjud.)  
 25. júní „Út vil ek“ – lagt af stað til SVÍÞJÓÐAR !

**Vortónleikar - Fimmtudaginn 10. júní Efnisskrá**

Öxar við ána..... Lag: Helgi Helgason/úts.Malcolm Holloway  
 The Syncopated Clock..... Lag Leroy Anderson  
 Y.M.C.A..... Lag: Jaques Moral. Úts.Larry Norre  
 The Bridge on the River Kwai..... Lag: Malcom Arnold.úts.john Mortimer  
 Rock Around the Clock..... Lag: Max C. Freedman.úts.Zane van Auken  
 Abba Gold..... Lag: Benny Anderson,Stig AndersonBjörn Ulvaeus.úts.Ron Sebregts  
 Sousa Medley March..... Lag: F.Sousa. úts. Pat Lee  
 - HLÉ -  
 Take Five..... Lag. Paul Desmond úts.Neville Arnolds og Martin Markvoll  
 Bad ..... Lag M.Jackson.úts John Higgins

Another One Bites the Dust..... Lag: John Deacon úts. Michael Sweeney  
Soul Bossanova..... Lag: Quincy Jones. Úts Per Olaf Ukkonen  
Raiders March..... Lag: John Williams úts. Paul Lavender  
The Night of Bald Mountain..... Lag: Modest Moussorgsky. úts John Higgins

**17. júní** Lúðrasveit stykkishólms marseraði frá Tónlistarskólanum og Spilaði nokkur lög úr sínu prógrammi sem fer til Svíþjóðar 25. júní-2. júlí.

## **25. júní-2. júlí Göteborg Music Festival**

Áfangastaður var árleg tónlistarhátíð í Gautaborg í Svíþjóð. Ferðin var skipulögð og undirbúin af ferðanefndinni, stjórn foreldrafélagsins, stjórnanda og skólustjóra. Í ferðahópnum voru 45 manns, Hjálmar Sigurbjörnsson stjórnandi, 31 hljóðfæraleikari og 13 foreldrar.

Markmið ferðarinnar var að spila nokkra tónleika, taka þátt í skruðgöngu, eldri nemendur tækju þátt í „workshop“, hlusta á og kynnast öðrum skólahljómsveitum og svo ekki síst að skemmta sér.

### Hljóðfæraleikarar:

Andrea Kristín, Aníta Rún, Anna Lind, Anna Sigríður (spilandi foreldri), Anna Soffía, Árpóra Ingibjörg, Benedikt, Björg Brimrún, Bryndís Inga, Elín Sóley, Eypór, Friðrik Örn, Guðrún Bergmann, Guðrún Erla, Hafsteinn Helgi, Halldóra Kristín, Haukur Páll, Hrefna Rós, Ingibjörg Soffía, Jóhanna Kristín, Jón Grétar, Jón Páll, Leifur, Margrét, Mikael Máni, Rebekka Rán, Sigrún Eir, Símon Karl, Sóley, Sunna Þórey og Thelma.

### Foreldrar:

**Elín G. Pálsdóttir, Guðný Pálsdóttir, María Valdimarsdóttir, Sigurborg Sturludóttir** (fararstjórar), Ásta Sigurðardóttir, Elísabet Valdimarsdóttir, Guðjón V. Hjaltalín, Hafdís Björgvinsdóttir, Hafrún b. Guðmundsdóttir, Helga B. Marteinsdóttir, Lárus Á. Hannesson, Sigurður Páll Jónsson, Svala Jónsdóttir (og Anna S. Melsteð túbuleikari).

Farið var á einkabílum til og frá Keflavík, en hópnum var ekið með rútu að og frá flugvelliðum í Gautaborg. Stærsti hluti farangursins var keyrður á kerru aftan í einkabíl til Keflavíkur, en á heimleið var öllu dreift á þá bíla sem voru tiltækir á heimleið.

Gist var í íþróttahúsi nálægt hátíðasvæðinu. Tókum á leigu dýnur og rúmföt (sængur/kodda).

Heildarkostnaður við ferðina var 4,5 milljónir. Safnast hafði í ferðasjóð upphæð sem gerði honum kleift að greiða niður ca. 87.000 krónur fyrir hvern nemanda og fararstjóra.

Grein sem birtist í Stykkishólmspóstinum að lokinni ferðinni. Greinina skrifuðu fararstjórararnir Elín G. Pálsdóttir, Guðný Pálsdóttir, María Valdimarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir:

*Föstudaginn 25. júní lögðu meðlimir Lúðrasveitar Stykkishólms ásamt nokkrum foreldrum af stað í langþráða ferð á Lúðrasveitarmót í Gautaborg. Hópurinn taldi 45 manns og var dvalið í viku í Gautaborg. Þegar út var komið beið eftir okkur rúta sem kom okkur í skólann. Vel var tekið á móti okkur og fengum við gistingu í íþróttahúsi skólans. Allir voru orðnir svangir eftir ferðalagið og var því farið af stað til að leita að matsölustað til að fá okkur að borða. Það tók svolítinn*

tíma að finna stað þar sem svokallað Midsum Eve var og flestar búðir og veitingastaðir lokaðir. Rölt var um miðborgina og m.a. farið í stórt Parísarhjól. Útsýnið yfir borgina var alveg stórfenglegt upp í hjólinu. Mótið sjálft byrjaði ekki fyrr en á mánudeginum 27.júní og var helgin því notuð í að skoða sig um Gautaborg, fara í Liseberg sem er tívolígarður, kíkja í búðir og einnig var farið í siglingu eftir síki í miðborg Gautaborgar.

Á sunnudeginum komu flestar sveitirnar á svæðið. Athygli okkar vakti að aðeins ein sveit frá Svíþjóð tók þátt í þessu móti. Sextán sveitir komu frá Noregi, ein frá Sviss og við vorum eina sveitin frá Íslandi. Samtals voru því níttján sveitir sem tóku þátt í þessu móti.

Á mánudagsmorgninum byrjaði svo mótið. Víkingasveitin okkar var í svonefndri Workshop í Tónleikahöll Gautaborgar alla morgnana sem mótið var. Þar var þeim skipt í hópa eftir hljóðfærum. Þeir sem ekki voru í Workshop notuðu tímamann í að leika sér og fara í skoðunarferðir. Var gamli bærinn í Gautaborg meðal annars skoðaður og gamalt virki sem þar stendur.

Eitt af verkefnum sveitarinnar í ferðinni var að spila í opnum bát sem sigldi meðfram konungsgarðinum.

Frábært veður var þennan dag og því sat fólk beggja vegna árbakkans. Sveitin fékk mjög góðar viðtökur í þessari ferð. Eftir siglinguna var farið í Konserthöllina og hlustað á sveitina sem Martin spilaði í og systir hans stjórnaði. Sveitin þeirra tók þátt í lúðrasveitakeppninni á mótinu. Allar sveitir mótsins spiluðu í Tívolígarðinum. Hver sveit spilaði sér undir stjórn síns stjórnanda. Okkar sveit spilaði einnig með sveitinni hans Martins. Martin stjórnaði þegar sveitirnar spiluðu saman. Hvort tveggja gekk mjög vel.

Þriðja daginn á mótinu var spilað í skrudgöngu í tívolígarðinum. Það má segja að það hafi verið stoltir foreldrar sem hlustuðu á börnin sín spila við öll þessi tækifæri. Þau stóðu sig alveg með sóma og voru með skemmtilega lagasamsetningu. Eitt kvöldið buðu mótshaldarar upp á diskótek á Hard Rock kaffi. Ekki voru margir sem sóttu það en okkar sveit skemmti sér konunglega þar.

Vísindasafnið í Gautaborg var skoðað og hefðu allir verið til í að eyða meiri tíma þar. Safnið er mjög skemmtilegt getum við hiklaust mælt með því. Lokakvöld mótsins var haldið í Tónlistarhúsi Gautaborgar. Þar komu m.a. fram workshop hóparnir og spiluðu það sem þau höfðu verið að æfa á morgnana. Kvöldið var mjög skemmtilegt og stóðu krakkarnir sig mjög vel.

Okkar sveit var síðasta sveitin sem fór af mótsstað. Við eyddum síðasta deginum í að fara á strönd sem heitir Askim badet. Þar var farið í sjóinn, spilaður fótbolli á sandinum, nokkrir grafnir í sandinn eða bara legið og haft það huggulegt. Tekin voru með einnota grill og pylsur grillaðar. Flestir eyddu lokakvöldinu í Tívolígarðinum á meðan aðrir voru í rólegheitum heima.

Föstudaginn 2. júlí var salurinn þrífinn, farið í rútu og flogið heim til Íslands. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og viljum við þakka öllum þeim sem styrktu okkur í fjáröflunum fyrir þessa ferð. Án ykkar stuðnings hefði aldrei verið hægt að fara í þessa skemmtilegu ferð.

## Lokaorð

Starfsárið 2009-2010 var mjög viðburðaríkt. En þó er óhætt að fullyrða að hóparnir hafi allir sýnt góðar framfarir og spilað fína tónleika. Ferðin á tónlistarhátíðina í Gautaborg tókst vel og öll sú mikla vinna sem að baki henni lá skilaði sér í vel heppnaðri ferð og reynsluríkara tónlistarfólki.

Öllu samstarfsfólki, nemendum, foreldrum, ekki síst stjórn foreldrafélagsins, samkennurum og öðrum er þakkað samstarfið.

Hjálmar Sigurbjörnsson